



Fréttatilkynning

15 May 2023 17:45:00 GMT

Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks

Í samræmi við starfskjarastefnu Arion banka hf. er í gildi kaupréttaráætlun, með síðari breytingum, á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem samþykkt var upphaflega á aðalfundi bankans árið 2020. Kaupréttaráætlunin gildir til fimm ára frá árinu 2021 til ársins 2026 og nær til allra fastráðinna starfsmanna bankans og dótturfélaganna Varðar trygginga hf. og Stefnis hf. og er markmið áætlunarinnar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni samstæðunnar. Tilkynnt var um framkvæmd kaupréttaráætlunarinnar og breytingar á henni þann [9. febrúar 2021](#), [18. febrúar 2022](#), [9. maí 2022](#) og [20. febrúar 2023](#).

Nú hefur verið gengið frá nýjum kaupréttarsamningum við fastráðið starfsfólk Stefnis hf. og Varðar trygginga hf. í samræmi við kaupréttaráætlun bankans og eru í gildi kaupréttarsamningar nú við starfsfólk bankans og dótturfélaga sem ná til samtals 8.392.878 hluta á ári til ársins 2026. Kaupgengi hlutanna skiptist þannig að gildandi eru árlegir kaupréttir að 2.952.880 hlutum á genginu 95,5, að 4.712.195 hlutum á genginu 153,75 og að 727.803 hlutum á genginu 140,56. Heildarfjöldi starfsfólks bankans og dótturfélaga sem gert hafa kaupréttarsamninga er 740.

Alls gerðu 69 starfsmenn Varðar og Stefnis kaupréttarsamning í maí 2023 sem ná til allt að 727.803 hluta á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttanna.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks](#)